



7. apríl 2011

Ávarp

Láru V. Júlíusdóttur, formanns bankaráðs, á 50. ársfundi Seðlabanka Íslands 7. apríl 2011

Hæstvirtur forseti, forsætisráðherra, ráðherrar, bankastjórar, sendiherrar erlendra ríkja og aðrir góðir gestir!

Fyrir hönd bankaráðs Seðlabanka Íslands býð ég ykkur velkomin til þessa fimmtugasta ársfundar bankans og segi fundinn settan.

Eins og fram hefur komið er hér slegið saman hefðbundnum dagskrárliðum ársfundar og sérstakri dagskrá í tilefni af því að á þessum sama degi fyrir 50 árum hóf bankinn starfsemi sína sem sjálfstæð stofnun. Ég vil nefna að það er mér einstök ánægja að sjá að hér á fundinum eru viðstaddir þrír fyrrverandi formenn bankastjórnar, þeir Jóhannes Nordal, Jón Sigurðsson og Birgir Ísleifur Gunnarsson, en samtals leiddu þeir bankann í 42 ár.

Svo sem venja er mun ég sem formaður bankaráðs fara yfir helstu atriði úr ársskýrslu og efnahagsreikningum bankans og að því loknu tekur til máls Már Guðmundsson seðlabankastjóri. Efnahags- og viðskiptaráðherra, sem staðfesti ársreikning bankans fyrir árið 2010 með undirskrift sinni hinn 30. mars, tekur síðan til máls. Lýkur þar með hefðbundnum liðum ársfundar, sem að þessu sinni er mun styttri en venjulega, og hátíðardagskrá tekur við. Að dagskrá lokinni býður Seðlabankinn gestum að ganga til móttöku í anddyri bankans.

Ársskýrsla bankans fyrir árið 2010 er gefin út í dag. Viðfangsefni Seðlabankans eru margbreytilegri en marga grunar, en í ársskýrslunni er varpað ljósi á þá fjölbreyttu starfsemi sem á sér stað innan bankans.

Seðlabankinn ber ábyrgð á peningastefnunni. Við framkvæmd hennar liggur að baki umfangsmikil rannsóknarvinna og spágerð og byggjast ákvarðanir peningastefnufndar á þeirri greiningu, sem einnig er birt í ritinu Peningamál fjórum sinnum á ári. Seðlabankinn hefur einnig það hlutverk að stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, en í því skyni greinir hann stöðu lánastofnana og fjármálamarkaða og birtist greining bankans í ritinu Fjármálastöðugleiki sem kemur út tvisvar á ári. Greiðslumiðlun er einnig mikilvægur hluti af þessu verkefni. Seðlabankinn varðveitir gjaldeyrisforða og auk þess er bankinn

ríkisstjórn til ráðuneytis um gjaldeyrismál og annast innlendar og erlendar lántökur fyrir hönd ríkissjóðs.

Í bankanum fer fram viðamikil söfnun haggagna, innlend og erlend markaðsviðskipti, útgáfa seðla og myntar, bókhald, bakvinnsla, ráðgjöf til stjórnvalda á ýmsum sviðum og samskipti við innlendar og erlendar stofnanir. Ýmis ný verkefni hafa litið dagsins ljós á síðustu árum. Þannig er gjaldeyriseftirlit á ný orðið stórt verkefni og í framhaldi af bankahruninu hefur bankinn fengið til úrlausnar umtalsverðar eignir. Til að halda utan um þá starfsemi voru stofnuð sérstök dótturfélög, Eignasafn Seðlabanka Íslands, sem er eignarhaldsfélag, og Sölvhóll, sem er eignarumsýslufélag. Í lok ársins bættist síðan þriðja dótturfélagið við, Greiðsluveitan, sem rekur þjóðvegi greiðslumiðlunarkerfis landsmanna.

Ég mun nú stuttlega rekja afkomu og efnahag Seðlabankans að meðtöldum dótturfélögum.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam tap ársins þrettán og hálfum milljarði króna. Það helgast einkum af tveimur þáttum, annars vegar varð 6,9 milljarða króna tap vegna gengismunar og hins vegar 5,7 milljarða króna tap vegna rekstrartengdra liða. Það sem á vantar skýrist af um 900 milljón króna tekjuskatti af hagnaði dótturfélaga.

Með því að halda gjaldeyrisforða er bankinn seldur undir áhrif gengisbreytinga og þeim mun stærri sem gjaldeyrisforðinn er þeim mun meiri eru áhrifin. Fjárhæð gjaldeyrisforða Seðlabankans er í sögulegu hámarki í tengslum við efnahagsáætlunina og hefur það sín áhrif á rekstrarniðurstöðuna. Á árinu styrktist gengi krónunnar verulega og eru það ánægjuleg tíðindi fyrir framgang efnahags- og peningastefnunnar, en á móti kemur það fram í neikvæðum gengismun sem nemur um 7 milljörðum króna.

Í rekstrartengdum liðum eru afskriftir að fjárhæð 21,3 milljarðar króna fyrirferðarmestar, en á móti koma hreinar vaxtatekjur upp á 12,8 milljarða króna og aðrar rekstrartekjur sem námu 4,9 milljörðum króna. Í þessari niðurstöðu gætir enn áhrifa bankahrunsins þar sem þessar miklu afskriftir ársins tengjast að mestu leyti eignum sem hýstar eru í Eignasafni Seðlabanka Íslands. Þá ber að nefna að sú nauðsyn að halda uppi tiltölulega háum vöxtum á innstæðubréfum til að framfylgja peningastefnunni á verulegan þátt í að neikvæður vaxtamunur móðurfélagsins nam um 5½ milljarði króna.

Í stuttu máli má því segja að neikvæð afkoma bankans skýrist af afskriftum hruneigna, árangri peningastefnunnar í að styrkja gengi og ná niður verðbólgu og einnig af stórum gjaldeyrisforða.

Rekstrarkostnaður bankans lækkaði um 10,8% milli ára þrátt fyrir vaxandi umsvif. Rekstrarkostnaður bankans sem hlutfall af

efnahagsreikningi bankans hefur lækkað um rúmlega helming á undanförunum árum eða úr 0,34% árið 2007 í 0,15% á síðasta ári.

Eigið fé bankans nam tæplega 70 milljörðum króna í árslok 2010 en var rúmir 82 milljarðar króna í árslok 2009. Munurinn skýrist af tapi ársins.

Ágætu fundargestir!

Árið 2010 hefur verið viðburðaríkt og krefjandi fyrir Seðlabankann. Starfsemi bankans markast enn af því umróti sem fjármálahrunið hafði í för með sér. Ýmislegt hefur þó áunnist t.d. varðandi stöðugleika. Þannig styrktist gengi krónunnar verulega á síðasta ári og undir lok ársins náðist verðbólguþolmarkmið bankans. Ýmis verkefni bíða þó úrlausnar og nokkuð er í land að starfsemi bankans verði sú sem ætla má að hún verði við eðlilegar aðstæður.

Á síðasta ári lét Gylfi Magnússon efnahags- og viðskiptaráðherra af störfum og vill bankinn þakka samstarfið við hann og á sama tíma óskar bankinn Árna Páli Árnasyni allra heilla í starfi og væntir farsæls samstarfs við hann.

Engin breyting varð á skipan bankaráðs á árinu 2010. Það er nú skipað þremur konum og fjórum körlum. Þar sem einn bankaráðsmaður er búsettur erlendis mætir varamaður hans gjarnan á fundi bankaráðsins. Þá fjölgar konum í bankaráði og eru þær gjarnan fjórar af sjö á fundum ráðsins. Það hefði þótt óhugsandi fyrir 50 árum, þegar bankinn hóf starfsemi sína, að konur væru í meirihluta í bankaráði, en fyrsta konan tók þar sæti á árinu 1994. Bankaráð hélt 13 fundi á árinu. Ég þakka fulltrúum í bankaráði samstarfið og vel unnin störf. Þá þakka ég stjórn og starfsfólki bankans góð störf á liðnu ári og farsælt samstarf við bankaráðið. Að lokum vil ég óska starfsfólki bankans, bæði núverandi og fyrrverandi, til hamingju með hálftrar aldar afmælið.

Ég þakka áheyrnina og býð seðlabankastjóra, Má Guðmundssyni, að taka til máls.